

6. maí 2024

Fundur settur kl. 20:05

Aðalfundur GFFÍ haldinn á TEAMS

Mættir:

Anna María Flygenring AMF

Anna María Lind Geirsdóttir AMLG

Brynjar Þór Vigfússon BÞB

Dagný H Þorgeirsdóttir

Guðni Ársæll Indriðason GÁI

Guðrún Lárusdóttir GL

Helena Hólm HH

Hulda Brynjólfadóttir

Jóhanna B Þorvaldsdóttir JBÞ

Lovísa Rósa Bjarnadóttir LRB

Ólafur R Dýrmundsson ÓRD

1. Formaður setur fund og tilnefnir fundarstjóra og fundarritara.
AMLG fundarritari og BÞV fundarstjóri

2. Formaður flytur skýrslu stjórnar um störf á liðnu ári.

3. Gjaldkeri skýrir reikninga félagsins.

4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.

Umræður um skýrsluna: JBÞ spyr um hvernig sæðingar gengu. BÞV Matvælaráðuneytið kom af fjöllum þegar fundað var með þeim og kvartað undan Afurð. Ráðuneytið kenndi öðrum um ss geitabændur, RML og fleiri. ORD hefur sent póst til ráðuneytisins en engin svör borist. Ráðuneytið með nýtt póstkerfi sem er ekki alveg að virka. Ráðuneytið með um 1750 geitur á skrá, MAST vildu ekki gefa upp tölur annað en það sem er í mælaborðinu: 1759. RML segja að það séu um 2300 miðað við Heiðrúnu.

Umræður um reikningana: Tap á rekstarhagnaði lítið, aðal tilgangur og rekstur félagsins er sæðingastöðin Þórulág.

5. Reikningar bornir undir atkvæði. Samþykktir

6. Umræður og afgreiðsla tillagna. Engar tillögur liggja fyrir.

Stjórn leggur til að stofnuð sé laganevnd sé stofnuð, AMLG hefur boðið sig fram.

7. Kosningar samkvæmt 4. grein.

Formaður Búgreinadeildar Geitfjárræktar Brynjar Þór Vigfússon er formaður GFFÍ eftir búgreinaþing

Anna María Flygenring kemur inn eftir búgreinaþing

Jóhanna B Þorvaldsdóttir. Situr áfram eftir búgreinaþing.

Guðni Ársæll Indriðason aðalstjórn - situr áfram eitt ár

Hulda Brynjólfadóttir gefur kost á sér í aðalstjórn

Varamenn:

Bettina Wunch gefur kost á sér til tveggja ára.

Þorsteinn Ólafsson situr áfram eitt ár.

Skoðendur reikninga:

Magnús Kristjánsson hefur nýtt tveggja ára tímabil.

Vilhjálmur Grímsson situr áfram eitt ár.

8.Önnur mál.

JBÞ: Karólína lofar að ýta á eftir sérfræðingnum sem er með geitaheilana í frosti. Bútur úr riðusjúkum sauðaheila og testað hvort geitaheilarnir sem eru með annað verndandi gen en kindur hafi viðnám við riðunni hér á landi. Norðmenn líta ekki á riðu sem geitasjúkdóm.

ORD geitur hafa verið í nánnum tengslum við riðufé og gott að þetta sé komið í rannsókn og spennandi að sjá hvað kemur út úr því.

Það á leggja fé í að laga Heiðrúnu. Á fundi með RML sagðist Herdís Magna ætla að bera þetta undir stjórn BÍ. Það þarf að greiða með svona forritum. Hækkun á verði var ástæðan að margir hættu að nota Heiðrúnu. Þegar BÞV ber það upp á fundum er fátt um svör. Þega hann fór að senda erindin til herra settra manna í t.d. ráðuneytum fór eitthvað að gerast.

AMF: Verkefni, Guðný Tryggvadóttir er að gera heimildarmynd um Háafell. Útskriftarmynd hennar úr kvikmyndaskólanum. AMF telur myndina einstakt verkefni hér á landi og ætti að verða seld t.d. til RÚV osfr.

JBÞ: Langar vita um hvernig sæðingarnar hafa gengið.

BÞV les upp skýrslu Hafrásæðingarstöðvarinnar.

JBÞ: Bók : Sútunarvélar voru keyptar austur á hérað en viðkomandi sem ætla að reka þær fengu ekki styrk til að byggja yfir vélarnar.

GÁI; Fólkar sem ræktar feldfé sendir gærur til Svíþjóðar í sútun. Spunasystur eru með feldfé og senda sjálfar út gærur til sútunar.

AMF: Hefur komið sínum stökum með í gærupakkann sem að Þingborg sendir út til sútunar.

Dýralæknir þarf að kvitta að stökurnar séu sendar frá vottuðum stað/afurðastöð.

JBÞ: Hefur heyrt um að sútun í Póllandi hafi reynst vel.

9.Fundi slitið kl. 21:33